

Nd.

135. Tillaga

til þingsáýktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að grenslast eftir því, hvort skiftaréttur Kaupmannahafnar hafi, að þeim hjónum Jóni skjalaverði og alþingismanni Sigurðssyni og Ingibjörgu Einarsdóttur konu hans látnum (1879), tekið til sín nokkuð af bréfum eða skjölum úr dánarbúi þeirra, og ef svo reynist, þá að gera gangskör að því, að öllu slíku verði skilað Íslandi svo fljótt sem verða má.